

Zug, 21. apríl 2026

Til hluthafa Oculis Holding AG, í Zug, SVISS

Boðun til aðalfundar Oculis Holding AG 2026

Kæru hluthafar,

Það er okkur sönn ánægja að bjóða ykkur, fyrir hönd Oculis Holding AG („**Oculis**“ eða „**félagið**“), til þriðja aðalfundar félagsins, sem skráðs félags á markaði, sem haldinn verður þann 13. maí 2026 að Ochsen-Zug, Kolinplatz 11, CH-6300 Zug, Sviss, kl. 6:00 EDT / 10:00 GMT / 12:00 CEST („**aðalfundurinn**“).

Árið 2025 markaði tímamót í starfsemi Oculis. Með áframhaldandi stuðningi hluthafa hefur félagið náð mikilvægum áföngum sem hafa styrkt stöðu þess til að skapa veruleg verðmæti á árinu 2026 og á komandi árum, með traustri og markvissri framkvæmd áætlana sinna og jafnframt með því að efla stefnumarkandi stöðu sína á sviði taugaugnlækninga, þar sem ríkja verulegar óuppfylltar læknisfræðilegar þarfir.

Við höfum árið 2025 með sterkum meðbyr og þrjú klínísk lykilþróunarlyf okkar – OCS-01 fyrir sjónhimnubjúg af völdum sykursýki, Licaminlimab (OCS-02) fyrir augnþurrk og Privoseptor (OCS-05) fyrir sjóntaugarbólgu og fleiri sjúkdómum – hafa tekið verulegum framförum. Samanlagt hafa þessi þróunarlyf möguleika á að endurskilgreina meðferðarúrræði ýmissa alvarlegra augn- og taugaugnsjúkdóma.

Árið 2025 einkenndist af verulegri framþróun klínískra rannsókna lykilþróunarlyfja Oculis

OCS-01: Unnið að fyrstu mögulegu augndropameðferð við sjónhimnubjúg af völdum sykursýki

Framþróun leiðandi þróunarlyfs okkar, OCS-01, miðar áfram samkvæmt áætlun og það gleður okkur að segja frá því að innritun sjúklinga í báðar rannsóknirnar, DIAMOND-1 og -2, er lokið, með yfir 800 sjúklingum sem var slembiraðað á 119 klínískum rannsóknarmiðstöðvum um allan heim. Þessi árangur er til marks um að læknasamfélagið og sjúklingar styðji það að fá mögulega augndropa sem valkost við núverandi meðferðarúrræði. Sem dæmi má nefna að í Bandaríkjunum fær aðeins lítill hluti þeirra 1,8 milljóna manna sem greindir eru með sjúkdóminn árangursríka meðferð og við áætlum að mikill fjöldi, eða um 1 milljón sjúklinga með sjónhimnubjúg af völdum sykursýki, fái annaðhvort enga meðferð og þjást af vægri til miðlungs sjónskerðingu, eða svara illa hefðbundinni meðferð. OCS-01 er hannað til að ná til þessa meirihluta með því að bjóða upp á staðbundna augndropa án inngríps fyrir þá sem þurfa snemmtæka meðferð, sem og fjölhæfan valkost fyrir sjúklinga sem svara ekki þeim sprautumeðferðum sem nú er beitt. Helstu niðurstöður úr báðum fasa 3 DIAMOND-rannsóknunum eru væntanlegar í júní 2026 og í kjölfar jákvæðra niðurstaðna gæti fylgt umsókn um markaðsleyfi (NDA) til bandaríska matvæla- og lyfjaeftirlitsins (FDA) á fjórða ársfjórðungi 2026.

Þetta er þýðing á enskri útgáfu fundarboðsins. Ef misræmi kemur fram gildir orðalag ensku útgáfunnar.

Licaminlimab (OCS-02): Nákvæmnislyfjameðferða við augnþurrki

Licaminlimab, sem gæti orðið fyrsti TNF α -hamlandi augndropi sinnar tegundar, er í stakk búið til að ryðja brautina fyrir nýja nálgun í augnlækningum sem byggir á erfðamerkjum. Í fasa 2b RELIEF-rannsókninni sýndi lyfið fram á aukin meðferðaráhrif hjá sjúklingum sem bera ákveðin TNFR1-tengd erfðamerki. Þessi umtalsverði bati kom fram í tveimur fasa 2 rannsóknum í röð, bæði hvað varðar einkenni og teikn augnþurrks, þar sem svörun var fimm- til sjöföld hjá sjúklingum með þessi tilteknu erfðamerki. Í Bandaríkjunum einum þjást um 10 milljónir sjúklinga af miðlungs til alvarlegum augnþurrki. Þegar núverandi meðferðum er beitt þarf að prófa sig áfram þar sem aðeins 13% sjúklinga ná viðvarandi bata sem leiðir til þess að 85-90% hætta meðferð innan fyrstu 6 mánaðanna, sem undirstrikar brýna þörf fyrir markvissari og árangursríkari meðferðarúrræði. Licaminlimab hefur möguleika á að umbreyta núverandi meðferðarúrræðum með því að bjóða upp á nákvæmnislyfjameðferð með virkni, skjótri verkun og þægindum sem eru sambærileg við notkun gervitára. Árið 2025, í kjölfar árangursríks samráðsfundar með FDA, var hafin skráningarrannsóknin PREDICT-1 á augnþurrki og búist er við fyrstu niðurstöðum undir lok árs 2026.

Privosegtor (OCS-05): Markar kaflaskil á sviði taugaverndar

Merkasta þróunin á árinu 2025 hefur verið hröð framþróun Privosegtor, nýstárlega taugaverndandi þróunarlyfsins okkar. Í kjölfar jákvæðra fyrstu niðurstöðna (e. topline readout) úr fasa 2 ACUITY-rannsókninni við sjóntaugarbólgu (e. optic neuritis, ON), sem kynntar voru fyrr á árinu, höfum við markvisst aukið umfang og hraða verkefnisins. Niðurstöður úr ACUITY-rannsókninni sýndu fram á klínískt marktækan bata á sjónskerpu við lítil birtuskil (e. LCVA) ásamt vísbendingu um líffærafræðilega taugaverndun – þar á meðal verndun taugahnoðfruma (e. retinal ganglion cells) og taugasíma (e. axons), ásamt marktækt lægra magni taugapráðla (e. neurofilaments), sem er vel þekkt merki um skemmdir á taugasímum, sem kemur fram í sjúkdómum eins og MS. Þessar niðurstöður eru í samræmi við verkunarmáta sem gæti haft víðtæka þýðingu fyrir marga sjúkdóma sem herja á taugasíma.

Sannfærandi niðurstöður ACUITY-rannsóknarinnar og viðræður okkar við eftirlitsaðila leiddu til þess að FDA veitti Privosegtor stöðu byltingarkennds meðferðarlyfs (e. Breakthrough Therapy designation) til meðferðar á sjóntaugabólgu og til þess að PIONEER-skráningaráætlunin var sett af stað fyrir sjóntaugakvilla. Vísbendingar um úppfyllta lækisfræðilega þörf og engar samþykktar taugaverndandi meðferðir við sjóntaugakvillum, mynda samanlagt markaðstækifæri fyrir Privosegtor í Bandaríkjunum sem nemur yfir 7 milljörðum Bandaríkjadala.

Á sama tíma er framkvæmd PIONEER-skráningaráætlunarinnar á sjóntaugakvilla ætlað að skapa samlegðaráhrif í rekstri, bæta hagkvæmni og flýta fyrir heildarþróunartíma Privosegtor. Privosegtor hefur verið skilgreint bæði af FDA og EMA (Lyfjastofnun Evrópu) sem lyf sem þróað er til þess að meðhöndla sjaldgæfa sjúkdóma (e. orphan drug) fyrir sjóntaugabólgu, sem við teljum að undirstriki mikilvægi þessarar áætlunar. Við erum einnig að meta Privosegtor sem mögulega meðferð við bráðum köstum hjá sjúklingum með MS-sjúkdóminn – sem sýnir enn frekar hversu víðtækir framtíðarmöguleikar Privosegtor eru.

Nýverið veitti EMA (lyfjastofnun Evrópu) Privosegtor stöðu forgangslýfs (PRIME), sem er úrræði sem stofnunin býður upp á, að ströngum skilyrðum úppfylltum, til að efla stuðning og flýta fyrir mati á lyfjameðferðum og aðgengi sjúklinga að meðferðum sem beinast að verulegum úppfylltum lækisfræðilegum þörfum. Þetta styrkir hinn víðtæka og sterka stuðning frá eftirlitsstofnunum um allan heim við Privosegtor sem meðferð við sjóntaugabólgu.


Áherslur fyrir 2026: Sköpun verðmæta í augnlækningum og taugaugnlækningum

Fjárhagsstaða okkar er sterk, þökk sé hlutafjárútboðum að andvirði yfir 200 milljóna Bandaríkjadala á árinu 2025, sem veitir tryggnan grundvöll til að þróa og færa nýstárlegar meðferðir til markaðar.


Árið 2025 einkenndist af framúrskarandi starfi og umbreytingu og stefnt er að því að árið 2026 einkennist af mikilvægum tímamótum, þar sem búist er við mikilvægum áföngum: niðurstöðum úr DIAMOND-1 og DIAMOND-2 rannsóknum á OCS-01 við sjónhimnubjúg af völdum sykursýki sem gert er ráð fyrir í júní, niðurstöður úr PREDICT-1 rannsókninni á Licaminlimab við augnþurrki sem áætlaðar eru seint á árinu 2026, og upphaf PIONEER-skráningaráætlunarinnar. Við beinum sjónum að verulegri óuppfylltri læknisfræðilegri þörf sem samsvarar markaðstækifærum sem er áætlað að nemi yfir 30 milljörðum Bandaríkjadala.

Fyrir hönd Oculis-teymisins og stjórnarinnar, erum við þakklát fyrir það traust sem þið hafið sýnt Oculis. Markmið okkar – að varðveita og endurheimta sjón sjúklinga um allan heim – er áfram drifkrafturinn á bak við allt sem við gerum og við hlökkum til að ná árangri á komandi ári.

Virðingarfyllst,



Tony Rosenberg



Riad Sherif

Fylgiskjöl: - Dagskrá
- Upplýsingar um skipulag

DAGSKRÁRLIÐIR OG TILLÖGUR STJÓRNAR

1. STAÐFESTING ÁRSREIKNINGS ÁRSINS 2025, ÞAR MEÐ TALID LÖGBUNDIN REIKNINGSSKIL OG SAMSTÆÐUREIKNING 2025

Stjórn félagsins leggur til að ársreikningur ársins 2025, þ.m.t. lögbundin reikningsskil og samstæðureikningur 2025, verði samþykkt.

Skýring: Samkvæmt svissnenskum lögum (2. mgr. 3. og 4. tölul. 698. gr. svissnensku skuldbindingalaganna (e. Swiss Code of Obligations, CO) og samþykktum félagsins skal aðalfundur hluthafa taka ákvörðun um samþykkt lögbundinna reikningsskila og samstæðureiknings. Í skýrslum sínum til aðalfundarins leggja endurskoðendur félagsins, PricewaterhouseCoopers SA, án fyrirvara sem samþykkt bæði ársreiknings og samstæðureiknings félagsins. Ársreikningur félagsins 2025 er aðgengilegur til niðurbals á vefsíðunni: <https://investors.oculis.com/events-presentations>.

2. RÁÐSTÖFUN AFKOMU SAMKVÆMT EFNAHAGSREIKNINGI 2025

Stjórn félagsins leggur til að tap á efnahagsreikningi að fjárhæð CHF 80.247.000 verði fært yfir á nýjan reikning.

Nettó tap fyrir rekstrarárið 2025 nemur CHF 33.670.000

Uppsafnað tap frá fyrri árum nemur CHF 80.247.000

Skýring: Samkvæmt svissnenskum lögum (2. mgr. 4. tölul. 698. gr. CO) og samþykktum félagsins tekur aðalfundur ákvörðun um ráðstöfun afkomu efnahagsreiknings.

3. LAUSN (E. DISCHARGE) STJÓRNARMANNA OG FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Stjórn félagsins leggur til að meðlimir stjórnar og framkvæmdastjórnar verði leystir undan ábyrgð (e. full discharge) vegna starfa þeirra á árinu 2025.

Skýring: Samkvæmt svissnenskum lögum (7. tölul. 2. mgr. 698. gr. CO) og samþykktum félagsins tekur aðalfundur ákvörðun um veitingu lausnar vegna starfa stjórnarmanna og meðlima framkvæmdastjórnar.

4. KOSNING STJÓRNARFORMANNS OG ANNARRA STJÓRNARMANNA

Starfstíma stjórnarformanns og allra stjórnarmanna lýkur við lok aðalfundar ársins 2026. Stjórn félagsins leggur til endurkjörs núverandi stjórnarmanna, þ.m.t. stjórnarformanns, og kjörs Gregory D. Perry, hver um sig til eins árs starfstíma sem stendur til loka aðalfundar 2027.

4.1. *Endurkjör Anthony Rosenberg sem stjórnarmanns og stjórnarformanns.*

4.2. *Endurkjör Christina Ackermann*

4.3. *Endurkjör Lionel Carnot*

4.4. *Endurkjör Arshad M. Khanani*

4.5. *Endurkjör Martijn Kleijwegt*

4.6. *Endurkjör Geraldine O'Keeffe*

- 4.7. *Endurkjör Riad Sherif*
- 4.8. *Endurkjör Robert K. Warner*
- 4.9. *Kosning Gregory D. Perry*

Skýring: Samkvæmt svissneskum lögum (2. tölul. 2. mgr. og 1. tölul. 3. mgr., 698. gr. CO) og samþykktum félagsins kýs aðalfundur stjórnarformann og aðra stjórnarmenn. Kosið verður um hvern og einn fyrir sig.

Gregory D. Perry gegndi starfi fjármálastjóra Merus N.V. frá júní 2023 til janúar 2026, í kjölfar yfirtöku Genmab á félaginu í desember 2025. Hann gegndi jafnframt stöðu formanns endurskoðunarnefndar hjá Merus frá maí 2016 til júní 2023. Frá maí 2018 og þar til hann lét af störfum í apríl 2022 var hann fjármálastjóri hjá Finch Therapeutics Group. Perry var fjármála- og rekstrarstjóri hjá Novelion Therapeutics Inc. frá nóvember 2016 til desember 2017. Áður en hann hóf störf hjá Novelion gegndi hann starfi fjármálastjóra Aegerion Pharmaceuticals Inc. frá júlí 2015 þar til félagið sameinaðist Novelion í nóvember 2016. Hann hefur einnig gegnt starfi fjármálastjóra hjá fleiri líftæknifyrirtækjum og fyrr á ferlinum gegndi hann ýmsum stjórnunarstöðum á fjármálasviði hjá ImmunoGen, Domantis Ltd., Transkaryotic Therapeutics, Honeywell og General Electric. Perry lauk B.A.-gráðu í hagfræði og stjórnunmálafræði frá Amherst College.

5. KOSNING MEÐLIMA STARFSKJARANEFNDAR

Stjórn félagsins leggur til að Lionel Carnot, Geraldine O'Keeffe og Gregory D. Perry verði kjörin í starfskjaranefnd, hvert um sig til loka aðalfundar 2027.

- 5.1. *Endurkjör Lionel Carnot*
- 5.2. *Kosning Geraldine O'Keeffe*
- 5.3. *Kosning Gregory D. Perry*

Skýring: Samkvæmt svissneskum lögum (2. tölul. 3. mgr. 698. gr. CO) og samþykktum félagsins kýs aðalfundur fulltrúa í starfskjaranefnd. Kosið verður um hvern og einn fulltrúa fyrir sig. Stjórn félagsins hyggst skipa Lionel Carnot, með fyrirvara um endurkjör hans, sem formann starfskjaranefndar.

6. ENDURKJÖR ENDURSKOÐANDA

Stjórn félagsins leggur til að PricewaterhouseCoopers SA, í Lausanne, Sviss, verði endurkjörið sem löggiltur endurskoðandi félagsins til eins árs.

Skýring: Samkvæmt svissneskum lögum (2. tölul. 2. mgr. 698. gr. CO) og samþykktum félagsins kýs aðalfundur endurskoðendur félagsins. PricewaterhouseCoopers SA hefur staðfest að það uppfylli kröfur um óhæði sem gerðar eru til þessa starfs.

7. KJÖR ÓHÁÐS UMBOÐSAÐILA

Stjórnin leggur til að Blum & Partner AG, í Zug, Sviss, verði kosið sem óháður umboðsaðili félagsins til loka aðalfundar 2027.

Skýring: Samkvæmt svissneskum lögum, (3. tölul. 3. mgr. 698. gr. CO) og samþykktum félagsins kýs aðalfundur óháðan umboðsaðila. Blum & Partner AG hefur

staðfest að félagið uppfylli kröfur um óhæði sem gerðar eru til þessa starfs.

8. STARFSKJÖR STJÓRNARMANNA SEM EKKI SITJA Í FRAMKVÆMDASTJÓRN

8.1. *Atkvæðagreiðsla um fasta (ekki frammistöðutengda) þóknun stjórnarmanna sem ekki sitja í framkvæmdastjórn til loka aðalfundar félagsins árið 2027*

Stjórn félagsins leggur til að samþykkt verði hámarksfjárhæð fastrar (ekki frammstöðutengdrar) þóknunar fyrir átta stjórnarmenn sem ekki sitja í framkvæmdastjórn fyrir tímabilið frá aðalfundi félagsins 2026 til loka aðalfundar félagsins 2027: samtals USD 572.000.

8.2. *Atkvæðagreiðsla um hlutafjár- eða hlutafjártengda þóknun stjórnarmanna sem ekki sitja í framkvæmdastjórn til loka aðalfundar félagsins árið 2027*

Stjórn félagsins leggur til samþykkt verði veiting kaupréttar, hlutafjár- eða hlutafjártengdrar þóknunar fyrir átta stjórnarmenn sem ekki sitja í framkvæmdastjórn til loka aðalfundar félagsins 2027, að hámarksfjárhæð USD 2.150.000 (að undanskildu tryggingagjaldi og lífeyrisiðgjöldum laungreiðanda).

Skýring (dagskrárliðir 8.1 og 8.2) Samkvæmt svissneskum lögum (4. tölul. 3. mgr. 698. gr. CO), og samþykktum félagsins tekur aðalfundur ákvörðun um samþykki á hámarksheildarlaunum stjórnar, sundurliðuðum í fasta þóknun (ekki frammistöðutengda) og í formi hlutafjár- eða hlutafjártengdrar þóknunar. Nánari upplýsingar um starfskjarastefnu félagsins fyrir stjórnarmenn er að finna í samþykktum félagsins og í starfskjaraskýrslu ársins 2025, sem er aðgengileg til niðurbals á vefsíðunni: <https://investors.oculis.com/events-presentations>

9. STARFSKJÖR MEÐLIMA FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

9.1. *Atkvæðagreiðsla um fasta (ekki frammistöðutengda) þóknun fyrir meðlimi framkvæmdastjórnar sem kemur til greiðslu árið 2027.*

Stjórn félagsins leggur til að samþykkt verði hámarksfjárhæð fastrar (ekki frammistöðutengdrar) þóknunar fyrir þrjá meðlimi framkvæmdastjórnar fyrir almanaksárið 2027, til greiðslu á árinu 2027: samtals USD 2.500.000.

9.2. *Atkvæðagreiðsla um breytilega þóknun fyrir meðlimi framkvæmdastjórnar sem kemur til greiðslu árið 2027.*

Stjórn félagsins leggur til að samþykkt verði hámarksfjárhæð breytilegrar þóknunar fyrir þrjá meðlimi framkvæmdastjórnar vegna almanaksársins 2026, til greiðslu árið 2027: Samtals USD 1.800.000.

9.3. *Atkvæðagreiðsla um hlutafjár- eða hlutafjártengda þóknun fyrir meðlimi framkvæmdastjórnar fyrir árið 2027.*

Stjórn félagsins leggur til að samþykkt verði veiting kaupréttar, hlutafjár- eða hlutafjártengd þóknun fyrir þrjá meðlimi framkvæmdastjórnar til loka almanaksársins 2027: að hámarksfjárhæð USD 18.000.000 (að undanskildu tryggingagjaldi og lífeyrisiðgjöldum launagreiðanda).

Skýring (dagskrárliðir 9.1, 9.2 og 9.3): Samkvæmt svissneskum lögum (4. tölul. 3. mgr. 698. gr. CO), og samþykktum félagsins tekur aðalfundur ákvörðun um samþykki á hámarksþóknun framkvæmdastjórnar, sundurliðuðum í fasta þóknun (ekki frammstöðutengda), breytilega þóknun og þóknun í formi hlutafjár- eða hlutafjártengdrar

þóknunar. Nánari upplýsingar um starfskjarastefnu félagsins fyrir framkvæmdastjórn er að finna í samþykktum félagsins og í starfskjaraskýrslu ársins 2025, sem er aðgengileg til niðurbætur á vefsíðunni: <https://investors.oculis.com/events-presentations>

10. RÁÐGEFANDI ATKVÆÐAGREIÐSLA UM STARFSKJARASKÝRSLU FÉLAGSINS FYRIR ÁRIÐ 2025

Stjórn félagsins leggur til að starfskjaraskýrsla félagsins fyrir árið 2025 verði samþykkt á leiðbeinandi grundvelli (óbindandi ráðgefandi atkvæðagreiðslu)

Skýring: Samkvæmt svissneskum lögum (4. tölul. 3. mgr. 735. gr. CO), ber stjórn félagsins að leggja starfskjaraskýrslu fyrir aðalfund til ráðgefandi (óbindandi) atkvæðagreiðslu, ef hluthafar greiða atkvæði fyrir fram um breytileg starfskjör. Ársskýrsla um starfskjör ársins 2025 er aðgengileg til niðurbætur á vefsíðunni: <https://investors.oculis.com/events-presentations>.

11. HÆKKUN OG BREYTING Á HLUTAFJÁRRAMMA (E. CAPITAL BAND)

Stjórn félagsins leggur til að (i) breyta 1.-3. mgr. 3. gr. a. (*hlutafjárramma*) samþykktu félagsins, sem varða hlutafjárramma, (ii) taka upp hlutafjárramma á bilinu 620.417,76 CHF (neðri mörk) til 930.626,64 CHF (efri mörk), (iii) stjórn verði veitt heimild til að hækka hlutafé félagsins upp að efri mörkum hvenær sem er og eins oft og þörf krefur til 13. maí 2031 með útgáfu að hámarki 31.020.888 nafnverðshluta, hver að nafnverði 0,01 CHF, sem skulu vera að fullu greiddir, og (iv) 1.-3. mgr. 3. gr. a í samþykktum félagsins þannig að hún hljóði svo:

Article 3a Capital Band

The Company has a capital band between CHF 620'417.76 (lower limit) and CHF 930'626.64 (upper limit).

The Board of Directors is authorized to increase the share capital up to the upper limit at any time and as often as required until 13 May 2031.

The increase must be effected by issuing a maximum of 31'020'888 registered shares with a par value of CHF 0.01, to be fully paid up. After a change in par value, the new par value shall also apply within the scope of the capital band. A capital reduction is excluded.

3. gr. a. Hlutafjárramma

Hlutafjárramma félagsins er á bilinu CHF 620.417,76 (neðri mörk) til CHF 930.626,64 (efri mörk).

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins að eftir mörkum eftir þörf til 13. maí 2031.

Hækkun hlutafjár skal fara fram með útgáfu að hámarki 31.020.888 nafnverðshluta, hver að nafnverði CHF 0,01, sem skulu vera að fullu greiddir. Komi til breytingar á

Artikel 3a Kapitalband

Die Gesellschaft hat ein Kapitalband zwischen CHF 620'417.76 (untere Grenze) und CHF 930'626.64 (obere Grenze).

Der Verwaltungsrat ist ermächtigt, bis zum 13. Mai 2031 das Aktienkapital jederzeit und beliebig oft bis zur oberen Grenze zu erhöhen.

Die Erhöhung hat durch Ausgabe von maximal 31'020'888 vollständig zu liberierenden Namenaktien im Nennwert von CHF 0.01 zu erfolgen. Nach einer Nennwertveränderung gilt der neue Nennwert auch im Rahmen des Kapitalbandes. Eine Kapitalherabsetzung wird ausgeschlossen.

nafnverði hluta skal hið nýja nafnverð einnig gilda innan hlutafjárrammans. Lækkun hlutafjár er óheimil.

Skýring: Samkvæmt svissneskum lögum (5. tölul. 1. mgr. 704. gr. CO) krefst stofnun hlutafjárramma samþykkis aðalfundar með auknum meirihluta, þ.e. að minnsta kosti tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða og einfalds meirihluta nafnverðs hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir. Miðað við stöðuna 31. mars 2026 hefur félagið (i) heimild til útgáfu samtals 22.634.036 hluta innan hlutafjárrammans, að teknu tilliti útgáfu samtals 4.635.801 hluta samkvæmt hlutafjárramma sem samþykkt var 4. júní 2025, og (ii) útgefið hlutafé að fjárhæð CHF 620.417,76, að teknu tilliti til nýtingar samtals 2.872.301 kaupréttar eða annarra hlutabréfatengdra gerninga og áskriftarréttinda á tímabilinu 1. janúar 2025 til 31. mars 2026. Félagið óskar eftir að heimild til útgáfu hluta innan hlutafjárrammans verði aukin um 8.389.852 hluti, til að tryggja fjárhagslegt svigrúm til að styðja áframhaldandi þróunarverkefni í síðari stigum þróunar, og jafnframt til að undirbúa mögulega markaðssetningu OCS-01 fyrir sjónhimnubjúg af völdum sykursýki (DME), með það að markmiði að styðja langtímaverðmætasköpun fyrir hluthafa á sama tíma og gætt er að hófsemi í þynningu hluta.

12. HÆKKUN Á SKILYRTRI HEIMILD TIL ÚTGÁFU Á HLUTAFÉ FYRIR KAUPRÉTTARÁÆTLANIR STARFSMANNA

Stjórn félagsins leggur til að (i) breyta 1. mgr. 3. gr. c (*Skilyrt hlutafjárhækkun vegna kaupréttaráætlana*) samþykka félagsins sem varðar skilyrta hlutafjárhækkun fyrir starfsmenn og aðila í sambærilegum stöðum, (ii) stofna skilyrt hlutafé í sama tilgangi að hámarksfjárhæð 126.777,00 CHF með útgáfu 12.677.700 skráðra almennra nafnverðshluta, hver að nafnverði CHF 0,01 og (iii) breyta 1. mgr. 3. gr. c samþykka félagsins þannig að hún hljóði svo:

Article 3c Conditional Share Capital for Employee Benefit Plans

The share capital of the Company shall be increased by an amount not exceeding CHF 126'777.00 through the issue of a maximum of 12'677'700 registered shares, payable in full, each with a nominal value of CHF 0.01, in connection with the exercise of option rights or other equity-linked instruments granted to any employee of the Company or a subsidiary, and any consultant, members of the Board of Directors, or other person providing services to the Company or a subsidiary. The exercise of the option rights and the waiver of such right shall be made in writing on paper or in electronic form.

Artikel 3c Bedingtes Aktienkapital für Mitarbeiterbeteiligungspläne

Das Aktienkapital kann durch die Ausgabe von höchstens 12'677'700 voll zu liberierenden Namenaktien im Nennwert von je CHF 0.01 um höchstens CHF 126'777.00 durch Ausübung von Optionsrechten oder anderen eigenkapitalbasierten Instrumenten erhöht werden, welche Mitarbeitenden der Gesellschaft oder ihrer Tochtergesellschaften, Personen in vergleichbaren Positionen, Beratern, Verwaltungsratsmitgliedern oder anderen Personen, welche Dienstleistungen zu Gunsten der Gesellschaft erbringen, gewährt wurden. Die Form der Ausübung der Optionsrechte und des Verzichts auf dieses Recht erfolgt auf schriftlichem Weg auf Papier oder in elektronischer Form.

3. gr. c. *Skilyrt hlutafé vegna kaupréttaráætlana*

Hlutafé félagsins skal hækkað um fjárhæð sem nemur að

hámarki CHF 126.777,00 með útgáfu að hámarki 12.677.700 nafnverðshluta, sem skulu vera að fullu greiddir, hver að nafnverði CHF 0,01, í tengslum við nýtingu kaupréttar eða annarra hlutabréfatengdra gerninga sem veittir eru starfsmönnum félagsins eða dótturfélaga þess, ráðgjöfum, stjórnarmönnum eða öðrum aðilum sem veita félaginu eða dótturfélögum þess þjónustu.

Nýting kaupréttar og afsal slíkra réttinda skal fara fram skriflega, annað hvort á pappír eða á rafrænu formi.

Skýring: Samkvæmt svissneskum lögum, (5. tölul. 1. mgr. 704. gr. CO), krefst stofnun skilyrts hlutafjár samþykkis aðalfundar með auknum meirihluta, þ.e. að minnsta kosti tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða sem fulltrúar hluthafa fara með, auk einfalds meirihluta nafnverðs þess hlutafjár sem þeir fara með. Miðað við stöðuna 31. mars 2026 nemur skilyrt hlutafé félagsins vegna kaupréttaráætlana CHF 116.849,87, að teknu tilliti til nýtingar samtals 795.013 kaupréttar eða annarra hlutabréfatengdra gerninga á tímabilinu frá 1. janúar 2025 til 31. mars 2026. Félagið óskar eftir samþykki hluthafa fyrir aukningu á umfangi kaupréttaráætlun starfsmanna, í samræmi við fyrri framkvæmd, til að viðhalda nægilegu svigrúmi til að nýta hlutabréfatengd starfskjör með markvissum og samkeppnishæfum hætti. Markmiðið er að samræma hvata starfsmanna við langtímaverðmætasköpun fyrir hluthafa, á sama tíma og félagið heldur áfram hraðri þróun og vexti í samræmi við stefnu sína.

* * *

UPPLÝSINGAR UM SKIPULAG

1 Ársreikningar

Lögbundinn ársreikningur og ársreikningur Oculis Holding AG fyrir rekstrarárið 2025, ásamt tilheyrandi skýrslum endurskoðenda, eru aðgengilegir undir "Investors & Media" á vefsíðu okkar á slóðinni <https://investors.oculis.com/events-presentations>.

2 Upplýsingafundur fyrir hluthafa

Félagið mun halda upplýsingafund sem aðgengilegur verður öllum hluthöfum mánudaginn 11. maí 2026 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík, Íslandi, frá kl. 16:00 til 17:00 að íslenskum tíma / 12:00 – 13:00 EDT / 18:00 – 19:00 CEST. Á fundinum munu stjórnendur fara yfir tillögurnar til aðalfundarins og svara spurningum hluthafa. Til að taka þátt í fundinum, vinsamlegast notið eftirfarandi hlekk: <https://reg.lumiengage.com/oculis-agm-2026/informationession>. Upptaka af fundinum verður aðgengileg að fundi loknum á vefsíðu okkar á slóðinni <https://investors.oculis.com/events-presentations>.

3 Aðalfundur 2026 – Fundarboð, þátttaka og atkvæðagreiðsla

Hluthafar með atkvæðisrétt á aðalfundinum

Hluthafar sem skráðir eru í hlutaskrá félagsins og með atkvæðisrétt („**skráðir hluthafar**“) á viðmiðunardeginum þann 15. apríl 2026 („**viðmiðunardagurinn**“) eiga rétt til þátttöku á aðalfundinum.

Þann 21. apríl 2026 verður fundarboð og umboðseyðublað birt um kl. 17:00 EDT / 21:00 GMT / 23:00 CEST. Fundarboðinu verður hægt að hlaða niður undir „Investors & Media“ á vefsíðu okkar á <https://investors.oculis.com/events-presentations>. Hluthafar sem eiga hlutabréf á Nasdaq í Bandaríkjunum munu fá eintak af fundarboðinu og umboðseyðublaðinu sent með bréfpósti. Hluthafar sem eiga hlutabréf á Nasdaq á Íslandi munu ekki fá slíkt eintak sent með bréfpósti.

Mæting á aðalfundinn

Hluthafar sem vilja mæta á aðalfundinn 2026 þurfa að framvísa staðfestingu á eignarhaldi og gildum persónuskilríkjum sem útgefin eru af stjórnvöldum á aðalfundinum. Hluthafar sem eiga hlutabréf á viðmiðunardeginum á safnreikningi eða í nafni miðlara eða banka og vilja mæta og greiða atkvæði á aðalfundinum verða að afla sér gilds umboðs frá bankanum sínum eða verðbréfafyrirtæki í samræmi við leiðbeiningar þeirra, sem skal framvísa á aðalfundinum ásamt gildum persónuskilríkjum.

Hluthafar sem mæta á aðalfundinn í persónu þurfa að láta vita af sér í móttökunni eigi síðar en 20 mínútum áður en aðalfundinn hefst.

Útsending frá aðalfundinum

Ekki verður hægt að greiða atkvæði í gengum streymi aðalfundarins. Til að tengjast streyminu, vinsamlegast notið eftirfarandi hlekk: <https://meetings.lumiconnect.com/100-352-684-319>.

Atkvæðagreiðsla með umboði

Ef þú vilt greiða atkvæði á aðalfundinum en ætlar ekki að mæta á fundinn í eigin persónu getur þú greitt atkvæði með umboði. Til að greiða atkvæði með umboði getur þú annaðhvort:

- veitt óháðum umboðsmanni félagsins fyrir aðalfundinn, PST Legal AG, umboð, skriflega eða rafrænt eins og nánar er lýst hér að neðan; eða
- veitt öðrum hluthafa eða þriðja aðila skriflegt umboð, sem skila þarf inn til móttökunnar eigi síðar en 20 mínútum áður en fundurinn hefst. Slíku umboðseyðublaði er hægt að hlaða niður á vefsíðu okkar á slóðinni <https://investors.oculis.com/events-presentations>

og á Broadridge-gáttinni. Umboðshafi þarf að framvísa frumriti af undirrituðu umboðseyðublaði á aðalfundinum, staðfestingu á eignarhaldi og gildum persónuskilríkjum.

Hlutabréf á Nasdaq í Bandaríkjunum – Umsjón Broadridge

Hluthafar sem eiga hlutabréf skráð á Nasdaq í Bandaríkjunum geta veitt umboð í gegnum Broadridge. Skrifleg umboð til óháða umboðsmannsins verða að vera send í pósti og berast Broadridge fyrir kl. 23:59 EDT þann 11. maí 2026 / 03:59 GMT þann 12. maí 2026 / 05:59 CEST þann 12. maí 2026. Umboð sem berast eftir þann tíma verða ekki tekin til greina. Vinsamlegast sendu ekki umboðið þitt beint til óháða umboðsmannsins. Innskráningarupplýsingar fyrir rafrænar leiðbeiningar til óháða umboðsmannsins eru tilgreindar á umboðseyðublaðinu. Rafræn fyrirmæli verða að berast eigi síðar en kl. 23:59 EDT þann 11. maí 2026 / 03:59 GMT þann 12. maí 2026 / 05:59 CEST þann 12. maí 2026.

Hluthafar sem hafa veitt óháða umboðsmanninum umboð, skriflega eða rafrænt, geta ekki sjálfir greitt atkvæði aðalfundinum.

Hlutabréf á Nasdaq á Íslandi – Notkun Lumi AGM Mobile Platform

Hluthafar sem eiga hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á Nasdaq á Íslandi geta sent inn fyrirmæli sín um atkvæðagreiðslu rafrænt í gegnum Lumi AGM Mobile Platform sem rekið er af Lumi Global. Til að skrá þig til atkvæðagreiðslu skaltu styðjast við eftirfarandi hlekk: www.lumiconnect.com/events/oculisagm2026. Hluthafar sem eiga hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á Nasdaq Iceland munu ekki fá umboðsgögn í pósti en munu þess í stað fá rafræn fyrirmæli um atkvæðagreiðslu. Vinsamlegast skráið ykkur á Lumi AGM Mobile Platform eigi síðar en 7. maí 2026 til að tryggja nægan tíma til að vinna úr skráningu ykkar og senda inn fyrirmæli um atkvæðagreiðslu. Skráning fyrirmæla um atkvæðagreiðslu, í gegnum Lumi AGM Mobile Platform, verður að vera lokið fyrir kl. 23:59 EDT þann 11. maí 2026 / 03:59 GMT þann 12. maí 2026 / 05:59 CEST þann 12. maí 2026. Á aðalfundinum 2026 mun óháði umboðsmaðurinn greiða atkvæði í samræmi við fyrirmælin um atkvæðagreiðslu sem sendar voru inn í gegnum Lumi AGM Mobile Platform.

Hluthafar sem nota Lumi AGM Mobile Platform geta tilnefnt umboðshafa í gegnum Lumi AGM Mobile Platform. Við skráningu verður umboðshafinn að slá inn persónuupplýsingar sínar, hlaða upp gildum skilríkjum, tilgreina viðeigandi kennitölu/reikningsnúmer og hlaða upp einu samsettu skjali sem inniheldur öll viðeigandi umboð. Umboðsskjal er nauðsynlegt ef kennitala/reikningsnúmer er annað en á þeim skilríkjum sem er framvísað eða ef umboðshafi kemur fram fyrir hönd eins eða fleiri reikninga. Umboðsskjölin verða að heimila umboðshafa með skýrum hætti að senda inn fyrirmæli um atkvæðagreiðslu fyrir hönd viðkomandi hluthafa. Öll umboð verða að vera send inn sem eitt samsett skjal við skráningu (mörg aðskilin skjöl verða ekki tekin til greina) og kennitala umboðshafa verður að vera sú sama og á þeim skilríkjum sem hlaðið er upp. Þegar skráningin hefur verið yfirfarin og samþykkt verða innskráningarupplýsingar veittar, sem gera umboðshafa kleift að senda inn fyrirmæli um atkvæðagreiðslu á forkosningatímabilinu.

1 Nýskráðir hluthafar

Milli kl. 17:00 EDT / 21:00 GMT / 23:00 CEST þann 15. apríl 2026 og kl. 12:00 EDT / 16:00 GMT / 18:00 CEST þann 13. maí 2026 verður enginn nýr hluthafi skráður í atkvæðaskrá.

Continental Stock Transfer & Trust Company mun halda áfram að skrá framsal á hlutabréfum í hlutaskrá í hlutverki sínu sem framsalsaðili.

2 Viðskiptahömlur

Skráning hluthafa vegna atkvæðagreiðslu hefur ekki áhrif á viðskipti með hlutabréf í Oculis Holding AG sem skráðir hluthafar eiga fyrir, á meðan eða eftir aðalfundinn. Hluthafar sem selja

hlutabréf sín í Oculis Holding AG fyrir aðalfundinn 2026 njóta ekki atkvæðisréttar.

* * *